

Arðgreiðslustefna Landsbréfa hf.

Stjórn Landsbréfa hf. hefur sett sér það viðmið að Landsbréf skuli að jafnaði skila til hluthafa sinna meirihluta hagnaðar fyrra árs, hvort heldur sem það er gert í formi arðgreiðslu eða með kaupum á eigin bréfum í samræmi við heimildir laga og ákvörðun hluthafafundar. Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu eða atvikum fjárhæðar sem varið er til kaupa á eigin bréfum skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu. Mun tillögugerð stjórnar til aðalfundar hvers árs taka mið af stefnu þessari.